



Reykjavík, 22. febrúar 2024

ÞON24020016

**Efni: Heimild til að hefja verkefnið „Gagnaverkefni framtíðar“**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við safn gagnapróunarverkefna en á árinu 2024 er sértök áhersla lögð á gagnamál borgarinnar en þau eru eitt aðaláherslumál stafræns ráðs fyrir árið. Markmið verkefnanna er að tryggja réttleika, aðgengi og hagnýtingu á gögnum borgarinnar þvert á svið, auka gagnsæi, styðja við gagnadrifna ákvarðanatöku og bæta þjónustu við starfsfólk og íbúa borgarinnar. Aukin og markvissari yfirsýn og hagnýting gagna er líkleg til að draga úr sóun og leiða í ljós ný tækifæri til bættis verklags. Verkefnið samanstendur af mörgum smærri verkefnum sem biða úrlausnar gagnþjónustunnar á yfirstandandi ári.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 248884 Gagnaverkefni framtíðar og tilheyrir verkefnaklasa 80019, Upplýsinga- og gagnastýring. Verkefnið rúmast innan þegar samþykkrar fjárhags- og fjárfestingaráætlunar. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá janúar til desember 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 285,6 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum. Eftir frumundirbúning hvers verkefnis verður rekstrarkostnaður til fimm ára áætlaður og borinn upp til samþykktar hjá eigendum hvers verkefnis.

Erindið hefur verið lagt fram og kynnt á fundi stafræns ráðs, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins frá 28. febrúar 2024.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



## Greinargerð:

Starfsemi gagnabjónustunnar skiptist í þrjá megin flokka:

1. **Gagnahögun** (e. DataOperation), sem hefur það hlutverk að byggja upp gagnalandslag borgarinnar. Í því felst að kortleggja gögn borgarinnar, hvernig þau verða til og hvar þau liggja. Hanna og þróa gagnaarkitektúr borgarinnar, tryggja öryggi og réttleika gagna, uppfæra ferla, smíða gagnapípur, hanna gagnafæði, hanna gæðaprófanir o.fl., með það að markmiði að gera rétt og traust gögn aðgengileg réttum aðilum á þeim tíma sem þau þurfa. Þessi vinna er grunnur að gagnadrifinni ákvarðanatöku innan borgarinnar.
2. **Gagnavísindi** (e. DataScience), gera greiningar á gögnum og vöruþróun fyrir svið borgarinnar. Sérfræðingar í gagnavísindum vinna með gögn sem sérfræðingar í gagnahögun hafa gert aðgengileg til greininga. Þau gera rannsóknir og umbreytingar á gögnum, forrita gagnalíkön, gervigreindarlíkön og önnur líkön til að greina gögnin.
3. **Gagnamiðlun** (e. DataSharing), sérhæfir sig í miðlun gagna og vinnur eftir ákveðinni gagnamiðlunarstefnu, sem tekur sérstaklega tillit til t.d. aðgengismála.

## Verkefni sem óskað er eftir fjármagni í:

### Ný verkefni:

Upplýsingasíða og kjörstaðaleit á korti fyrir forsetakosningar 2024

Ný framsetning á opnum fjármálum borgarinnar

Innleiðing og dreifing nýrrar þjóðskrár sem tryggir einn uppruna þessara lykilupplýsinga í stafrænu umhverfi borgarinnar

Atvinnuhúsnæðisuppbygging á korti

Ýmis spálíkön

Uppfærsla á vöruhúsi gagna

Gagnaarkitektúr, einföldun ferla og smíði gagnapípa

Útleiðing QlikSense og innleiðing nýrrar lausnar

Stafrænt mælaborð leikskóla

Millilag fyrir gögn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur

Frumathugunarverkefni á kerfi til að koma stofnupplýsingum úr Excel og í gagnagrunna

Önnur verkefni sem unnin verða á árinu en hófust á fyrra ári:

Gagnalandslag SFS og VEL

Útgáfa á og innleiðing Business Glossary

Áframhaldandi vinna við aðgengileg gröf sem uppfylla kröfur um stafrænt aðgengi að gögnum

Mælaborð fyrir ráðninganefnd borgarinnar

Tunnutalning vegna breytinga á sorphirðu

Aðgangsstýringar og undirbúningur innleiðingar fyrir mælaborð Stjórnandans

Viðbætur og endurbætur á Gagnahlaðborði

Viðbætur og endurbætur á Gagnagátt.



Endanleg forgangsröðun verkefna ræðst af þörfum fagsviða borgarinnar og mun taka breytingum eftir áherslum sviða hverju sinni.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnin samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 285,6 m.kr., sem tilheyra eignasjóði á framkvæmdatímanum. Kostnaðarstaður 248884; Gagnaverkefni framtíðar og tilheyrir verkefnaklasa 80019, Upplýsinga- og gagnastýring.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,  
skrifstofustjóri gagnþjónustu



### **Ítarefni:**

Það er mjög kostnaðarsamt að leiðrétta villur sem slæm gögn leiða af sér en að koma í veg fyrir gagnavandamál í upphafi, eða mjög framarlega í ferlinu þar sem gögnin verða til. Mjög margar áskoranir og tafir í verkefnum er tilheyra stafrænni umbreytingu eru til komnar vegna ófullkominnar gagnasöfnunar eða takmörkuðu aðgengi að gögnum. Samkvæmt Evrópusambandinu er kostnaður fyrirtækja vegna slæmra gagna um 15-35% af heildartekjum þeirra á ári. Fram til ársins 2019 er staða gagnastjóra Reykjavíkur var stofnuð var utanumhald um gögn borgarinnar ekki nægilega markvisst. Eitt af mikilvægustu verkefnum gagnabjónustunnar er því að ná utan um og uppfæra gagnainviði borgarinnar, þróa gagnaviðmót og miðlægt vöruhús gagna. Eins er það þannig að einn af stærri áhættuþáttum í framþróun á rekstri borgarinnar er fjöldi excel skjala sem innihalda mikið af mikilvægum rekstrargögnum borgarinnar. Þó að excel sé til margs hagnýtt, þá getur verið varasamt að nota það sem grunn fyrir mikilvægar stofnupplýsingar þar sem auðvelt er að gera villur í innslætti og útreikningum en mjög erfitt er að rekja þær villur. Nýlegt og nærtækt dæmi er af norskum ríkiseignasjóði sem tapaði tæpum 13 milljörðum vegna villu í útreikningum í stórum excel skjölum á borð við þau sem algeng eru varðandi gagnanýtingu. Er þetta m.a. ástæða þess að gagnabjónusta leggur áherslu á að koma stofnupplýsingum úr Excel og í gagnagrunn.

Nú þegar hafa mörg verkefni gagnabjónustunnar varpað ljósi á stöðu sem áður var hulin. Má þar nefna t.d. orsakir biðlista á ADHD greiningum barna. Með slíkum uppgötvunum skapast virði innan borgarinnar ásamt bættri þjónustu við íbúa. Að sama skapi hafa verkefni gagnabjónustunnar dregið úr tímasóun þar sem starfsfólk þarf ekki lengur að eyða tíma í vinnu sem ekki er virðisaukandi.

Með því að gera opin gögn borgarinnar aðgengileg í gegnum gagnagáttina stenst borgin tilmæli Evrópusambandsins varðandi aðgengi að gögnum opinberra aðila, sem og að mikið fjárhagslegt virði getur skapast af opnum gögnum opinberra aðila. Áætlaður sparnaður danska ríkisins við birtingu og hagnýtingu opinna gagna er um 230 milljarða króna, samkvæmt útreikningum Evrópusambandsins.

Gagnabjónusta Reykjavíkurborgar hefur það að markmiði að skapa virði úr gögnum borgarinnar. Skrifstofan sinnir því hlutverki með ýmsum hætti, meðal annars með því að leita leiða til að auka gagnavitund innan borgarinnar og vera drifkraftur í hagnýtingu gagna til ákvarðanatöku og bættrar þjónustu við starfsfólk, íbúa og fyrirtæki borgarinnar. Skrifstofan hefur það að leiðarljósi að tryggja gæði, áreiðanleika og aðgengi íbúa, fyrirtækja og starfsfólks að réttum og áreiðanlegum gögnum sem og gagnagreiningu, hvort sem um er að ræða tölfræðigreiningu og skýrslugerð eða þróun og innleiðingu á gervigreindarlíkönum sem og öðrum líkönum og myndrænni og skýrri framsetningu gagna. Gagnabjónustan veitir öðrum einingum innan borgarinnar gagna- og tölfræðiráðgjöf, sem og þjálfun í grunnvinnslu og greiningu gagna. Gagnabjónustan fer einnig fyrir stefnumörkun í gagnamálum og gagnastefnu borgarinnar.